

- 15 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Systkinasjóð, útgefin á venjulegan
20. febr. hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 20. febrúar 1956.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Systkinasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Systkinasjóður og er stofnaður og gefinn til minningar um hjónin Guðrúnu Björnsdóttur frá Atlastöðum í Svarfaðardal (d. 8. maí 1897) og Friðfinn Jónsson frá Hóli á Upsaströnd (d. 12. ágúst 1925), síðast búandi á Grund í Þorvaldsdal.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur — og er gefið af börnum þeirra hjóna, þeim ekkjufrú Jónínu Friðfinnsdóttur, Gránufélagsgötu 11, Akureyri, ekkjufrú Guðrúnu Friðfinnsdóttur, Bjarkarbraut 7, Dalvík, Sigríði Friðfinnsdóttur, matreiðslukonu, Bjarkarbraut 5, Dalvík, og Páli Friðfinnssyni, útgerðarmanni, Bjarkarbraut 5, Dalvík.

3. gr.

Tilgangurinn með sjóðstofnun þessari er sá, að veita námsstyrki munaðarlausnum börnum í Dalvíkurhreppi, sem orðin eru 16 ára að aldri.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins hefur þegar verið lagt inn í Sparisjóð Svarfdæla og skal það ávaxtast þar eða í annarri jafn öruggri lánsstofnun.

Gjafafé, sem sjóðnum kann að áskotnast, svo og vexti, skal árlega leggja við höfuðstólinn.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — má árlega verja til styrkveitinga úr honum allt að 10% — níu tíundu hlutum — ársvaxtanna, eins og þeir verða á hverjum tíma.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga í Dalvíkurhreppi og birtir árlega með aðalreikningum hreppfélagsins.

7. gr.

Sjóðstjórnina skulu skipa þrír menn: Oddviti (sveitar- eða bæjarstjóri), sem jafnframt skal vera formaður sjóðstjórnarinnar, sóknarprestur og skólustjóri. Skulu menn þessir ráðstafa styrkveitingum úr sjóðnum hverju sinni.

8. gr.

Sjóðurinn tekur þegar til starfa.

Dalvík, 5. marz 1955.

Jónína Friðfinnsdóttir.

Guðrún Friðfinnsdóttir.

Sigríður Friðfinnsdóttir.

Páll Friðfinnsson.